



Rafn Hafnfjörð við eina af myndum sínum.

geta einnig verið yfirlýstar og flatar, sagt litla sögu og fá-tæka. Hjá Rafni Hafnfjörð er hins vegar um úrvalsvinnu-brögð að ræða, svo að betur verður varla gert, allt frá því að myndin er tekin og þar til hún er fullbúin.


Ljósmyndin er skyld myndlistinni og flestir brautryðjendur tækninnar voru listamenn út í fingurgóma. Myndlistarmenn hafa frá upphafi meira og minna hagnýtt sér þennan tjámiðil, William Turner sagðist vera feginn því að sinn tími væri úti er hann kynntist tækninni. Delacroix sagðist hins vegar sjá eftir öllum þeim tíma, sem hefði farið í teikninguna og hann harmaði að hafa ekki uppgötv- að ljósmyndataeknina fyrr. Edvard Munch tók stundum myndir af fyrirsætum sínum og málaði eftir þeim, en gerði það mjög frjállega. Edgar Degas málaði eina af sínum fegurstu „portrett“-myndum eftir ljósmynd á svokölluðum „carte-de-visite“, var hér um að ræða prinsessu Metternich. Ljósmyndin verður myndlistarmanninum þannig ídulega uppspretta frjórna hugmynda en það er einnig hægt að ofnota ljósmyndina og er t.d. mikið gert í myndlistarskólum og er þá oft um flotta að ræða, — hreina uppgjöf. Þótt hið

optíska gler hafi ífeinhverri mynd þjónað myndlistarmönnum frá dögum Leonardo da Vinci getur notkun þess farið út í öfgar eins og annað þannig að ljósmyndin taki ráðin af listamanninum.

Það væri hægt að skrifa langt mál um myndirnar á sýningu Rafns Hafnfjörðs, vísa á einstaka myndir, en það væri of langt mál að fara út í það hér, ég krossaði t.d. við einar 20 myndir, sem mér hefði þótt rétt að vekja athygli á! En þó má slá því föstu, að myndirnar frá vinnustofu Kjarvals eru hápunktur sýningarinnar, a.m.k. fyrir mig sem myndlistarmann. Meðferðin á því er tengist minningunni um þennan listamann er enn ein klessa í skartklæði ráðamanna þjóðarinnar og eru þær þó svo margar fyrir að varla sést í fötin. Hér hefur Rafn Hafnfjörð bætt úr nokkru og á hann stóra þökk fyrir. Þá ber að þakka fram-takið og þar sem í Rafni býr sterk skáldleg æð líkt og nöfn myndanna bera með sér þykir mér rétt að enda þetta skrif mitt með litlu kvæði er kom upp í huga minn er ég skoðaði sýninguna fyrst.

Um ást þína orð hafðu fá,  
aldrei þau fáu lát bregðast  
rýkur minnst bál, sem er bjart,  
blaðrar minnst ást, sem er heit.

Bragi Ásgeirsson.



Ein af myndunum á sýningunni: „Veidigyðjan“.



Myndin var tekin þegar Sögufélagið tók formlega við umboði Fræðafélags. Sitjandi Einar Laxness og Jón Helgason. Standandi f.v. Heimir Þorleifsson, Svavar Sigmundsson og Helgi Þorláksson.



Öllum þeim sem glöddu mig á átttræðisafmæli mínu 16. þ.m. með heimsóknnum, gjöfum, blómum og kveðjum sendi eg mínar bestu kveðjur með þakklæti og árnaðaróskum.

Dýrleif Ólafsdóttir,  
Fjólugötu 18, Akureyri.

# DÁLÍTIÐ DEKUR DREGUR ÚR EYÐSLU




Margt, sem á þátt í að draga úr bensíneyðslu, geta menn gert sjálfir: Skipt um kerti áður en þau eru orðin slitin, hreinsað loftsíuna og athugað ástand kveikju og kveikjuþráða o. fl. Hafir þú ekki gert þetta er ráð að fletta upp í handbókinni sem fylgir bílnum. Fylgstu með bensíneyðslunni. Skráðu alltaf hjá þér þegar þú setur bensín á bílinn.

Leitaðu reglulega til verkstæðis. Láttu stilla þar blöndung, kveikju, ventla og yfifara bremsur.

UMHYGGJA DREGUR ÚR EYÐSLU.

**ORKUSPARNAÐUR  
ÞINN HAGUR  
ÞJÓÐARHAGUR**



Starfshópur um eldsneytissparnað í bílum:

Orkusparnaðarnefnd iðnaðarráðuneytisins  
Bílgreinasambandið  
Félag íslenskra bifreiðaeigenda  
Olíufélögin  
Strætisvagnar Reykjavíkur  
Umferðarráð